

# NÁMSGREIN : ÍSLENSKA KENNSLUÁÆTLUN : VETURINN 2022-2023

**Bekkur: 6. bekkur**

**Kennarar: Elín Áslaug Ormslev**

## **Kennsluhættir:**

7 kennslustundir á viku. Kennt er í lotum eftir viðfangsefnum. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Kennslan byggist m.a. á innlögnum, reglulegri upprifjun, einstaklingsvinnu og hópavinnu.

## **Námsþættir:**

PALS, bókmenntir og ljóð, skrift, stafsetning, ritun og málfræði.

## **Námsmat:**

Námsmat verður byggt á verkefnaskilum, heimanámsskilum og virkni í tímum. Einnig verða lagðar fyrir kannanir.

## **Námsgögn:**

- Fólkið í blokkinni: Lestrarbók (fyrir jól)
- Fólkið í blokkinni: Vinnuhefti
- Draugaslóð: Lestrarbók (eftir jól)
- Málrækt 2
- Orðspor: Lestrarbók og vinnubók
- Skrift 6

- Valin ljóð
- Valdar stafsetningaræfingar
- Valdar ritunaræfingar
- Bækur af bókasafni til yndislestrar
- PALS í 12 vikur

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat
25.08-04.06	Lestur, bókmenntir og ljóð.	<p>Pals námskeið.</p> <p>Upplestur. Verkefni úr lestrarbók.</p> <p>Orðavinna. Þjálfalestrarhraða og lesskilning.</p> <p>Auka orðaforða og málskilning.</p> <p>Uppsetning ljóða.</p> <p>Myndræn túlkun, rím og ljóðstafir, persónugervingar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann</li> <li>• Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</li> <li>• Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglíngum.</li> <li>• Aflað upplýsinga úr bókum og rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausnir verkefna.</li> <li>• Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.</li> <li>• Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða.</li> <li>• Tjáð sig skýrt og greinilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.</li> <li>• Lesið texta með góðum hraða og skilningi, lagt mat á hann og túlkað.</li> <li>• Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.</li> <li>• Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.</li> <li>• Hlustað af athygliog beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.</li> <li>• Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnin hátt.</li> <li>• Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.</li> </ul>	<p>Lesfimi sept., des., maí.</p> <p>Orðarún I og II.</p> <p>Leiðsagnarmat.</p> <p>Bókmenntapróf.</p>

25.08-04.06	Skrift, stafsetning og ritun	Innlögn, verkefnavinna. Uppbygging sögu (umgjörð, persónur, atburður, endir). Helstu stafsetningarreglur með áherslu á n/nn, ng/nk, i/y, stóran og lítinn staf.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.</li> <li>• Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.</li> <li>• Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</li> <li>• Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við egin ritun.</li> <li>• Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.</li> </ul>	Aston Index haust og vor. Verkefni. Leiðsagnarmat. (lokið/ólókið)
25.08-04.06	Málfræði	Innlögn. Verkefnavinna. Áhersla á sagnorð, lýsingarorð og eðli þeirra.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.</li> <li>• Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.</li> <li>• Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst egið mál, talað og ritað.</li> <li>• Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.</li> <li>• Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orðaog nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun tal og ritun.</li> <li>• Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.</li> </ul>	Verkefni og leiðsagnarmat